

**Tillaga um tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla**

Almennt: Tölvupóstur

Málsnúmer: SFS2018090095

Bréfalyklar: 6.0 Leikskólar - almennt

Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 27.09.2018 00:00:00

Dagsetning skjals: 27.09.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: linda.sif.sigurdardottir@reykjavik.is

Skjalalykill	6.0 Leikskólar - almennt	Málsnúmer	SFS2018090095
Móttökudags.	27.09.2018	Skráð í GoPro	27.09.2018

Viðtakandi		Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður		Nafn
		Kennitala:
Tegund skjals	Tölvupóstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		
Eldri skjalalykill		Er flokkað eftir eldri ☐ Já ☒ Nei
		skjalalykli í skjalasafni.

Sent:

Sent til:

Frá: linda.sif.sigurdardottir@reykjavik.is

Dags: 27.9.2018 11:24:22

Til: Skjalaver Höfðatorgi; SFS

Efni: Fw: Tillaga um tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla

Tilvísun í mál: R18090042

Frumrit sent í pósti.

Kveðja,

Linda Sif Sigurðardóttir

Verkefnastjóri

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

sími: 411-4701

tölvupóstfang: lindasif@reykjavik.is

Skóla- og frístundasvið

Helgi Grímsson

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Efni:

Tillaga um tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla

Reykjavík, 19. september 2018
R18090042

Á fundi borgarstjórnar þann 18. september 2018 var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna samþykkt:

Borgarstjórn samþykkir að fela skóla- og frístundasviði að hefja undirbúning að tilraunaverkefni um að að jafnaði einn leikskóli í hverju hverfi skuli vera opin allt sumarið 2019.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Sú tillaga sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir tilraunaverkefni um sumaropnun hluta borgarrekinnna leikskóla. Markmiðið er að veita reykvískum börnum og foreldrum þeirra aukið frelsi og aukinn sveigjanleika um hvenær þau taka sér sumarleyfi.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillagan að sumaropnun leikskóla er jákvætt skref í átt að aukinni þjónustu borgarinnar við barnafjölskyldur. Hvað varðar áætlanir um sumaropnun leikskóla telur borgarfulltrúi Sósíalístaflokksins að hefjast þurfi handa við að laga þann vanda sem steðjar nú að leikskólum borgarinnar; láglaukastefnuna, mannekluna og starfsumhverfið áður en litið er til frekari uppbygginga. Í framhaldi væri sennilega hentugra að lengja sumaropnun allra leikskóla frekar en að að aðlaga fjölda barna að nýjum deildum leikskóla til skamms tíma. Nauðsynlegt er að breytingar á opnunartíma leikskólanna séu unnar út frá hluteigandi aðilum, þ.e.a.s. starfsfólki og foreldrum barnanna á leikskólum.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna því að komið sé til móts við hugmyndir um sveigjanleika í leikskólastarfi þannig að barnafjölskyldur hafi val um hvenær börnin fari í sumarleyfi. Tillaga um þetta tilraunaverkefni samræmist vel stefnu Sjálfstæðisflokksins um sveigjanleika og val í skólastarfi eins og við sjálfstæðismenn höfum oft rætt um og bent á áður. Sumir foreldrar hafa ekki tækifæri á að velja hvenær þeir fara í frí og því er nauðsynlegt að hafa þennan valmöguleika. Mikilvægt er að foreldrar og börn geti tekið sumarfrí á sama tíma þannig að fjölskyldan geti varið sumarleyfinu saman. Mikilvægt er að fjármögnun verkefnisins sé tryggð.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Greinargerð með tillögnum



- Tillaga_SCPV_sumaropnun.pdf



- OutlookMessageContent.msg

Borgarstjórn
4. september 2018

**Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um
sumaropnun leikskóla**

Borgarstjórn samþykkir að fela skóla- og frístundasviði að hefja undirbúning að tilraunaverkefni um að að jafnaði einn leikskóli í hverju hverfi skuli vera opinn allt sumarið 2019.

Greinargerð:

Tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla er einn áherslupunktur nýs meirihluta í Reykjavík. Slíkt fyrirkomulag þekkist í nokkrum sveitarfélögum, til dæmis í Mosfellsbæ og Garðabæ. Á þeim stöðum er engu að síður skylda að börn taki samfelld sumarfrí 3-4 vikur. Reynslan úr Mosfellsbæ, þar sem leikskólarnir sameina starfsemi sína á einni starfstöð yfir hásumarið, sýnir að yfir 90% foreldra kjósa að taka út frí á þeim tíma sem leikskólarnir eru í fríi. Hafa ber þó í huga að það hafa ekki allir foreldrar val um hvenær þeir taka sumarfrí, sumir, til dæmis foreldrar barna af erlendum uppruna, hafa veikara tengslanet og geta síður treyst á vini og ættingja þegar að hefðbundin dagvistunarúrræði vantar. Möguleikinn á að geta átt völ á dagvistun hefðbundnum sumarleyfistímum er þáttur í að bæta þjónustu við þær fjölskyldur.

Áherslupunktur við útfærslu verkefnisins:

- Leita skal eftir leikskólum í öllum hverfum til að taka þátt í verkefninu.
- Miðað við þá reynslu að 90% barna taki frí á hefðbundnum lokunartíma í júlí er reiknað með að um sex borgarrekna leikskóla þurfi til að svara þeirri þörf sem skapast.
- Áfram skal miðað við að börn fái samfelld sumarfrí, að lágmarki 4 vikur hvert barn.